



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Google Hangouts - 25.4.2017 kl. 18:00

Mætt:

Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Einar Gunnlaugsson (EG), Baldvin Hansson (BH), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Ragnar Róbertsson (RR)

Fjarverandi:

Torfi Arnarson (TA), Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS), Garðar Þór Garðarsson (GÞG)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Fundir um tryggingarmál í akstursípróttum

Sagt frá sameiginlegum fundi AKÍS og MSÍ með Sjóvá vegna trygginga keppnistækja sem ekki eru skráð hjá Samgöngustofu. Í framhaldi af þeim fundi munu samböndin sameiginlega senda beiðni til tryggingarfélaganna um kostnað við frjálsa ábyrgðartryggingu sem væri með hlutlægri ábyrgð án sakar.

2. Lágmarks slysatryggingar keppenda

Eftir skoðun lögfræðinga á samningum var ákveðið að ganga frá þessu máli hið fyrsta.

3. Skipun í keppnisráð

Samþykkt skipun í keppnisráð 2017.

Google Hangoutsfundir verði haldnir með keppnisráðum þar sem farið væri yfir reglur og skil á skýrslum. Fundir verði fyrir 20. maí. Formenn ákveði fundartíma.

4. Skráningarkerfið

Farið yfir stöðuna á því nú þegar keppnistímabilið er að hefjast.

5. Önnur mál

Reglubreytingar í drifti: Samþykktar breytingar á flokkareglum minni götubílaflokks.

Nýr flokkur í GoKart: Samþykkt að bæta við nýjum flokki fyrir nýrri keppnistæki.

Auglýsingar um keppni: Skráning sé auglýst minnst 15 dögum fyrir keppni.

6. Næsti fundur

2. maí 2017 - Fundarherbergi ÍSÍ kl. 16:30